

**Sp.**

## **425. Skýrsla**

fulltrúa Íslands á 34. þingi Evrópuráðsins apríl 1982 — janúar 1983.

Efnisyfirlit:

1. Inngangur.
2. Fulltrúar Íslands.
3. Störf þingsins almennt.
4. Alþjóðamál og málefni er tengjast þeim Evrópuríkjum sem eiga ekki aðild að Evrópuráði.
5. Efnahags-, þróunar- og orkumál.
6. Mannfjöldi og málefni flóttamanna.
7. Félagsmál.
8. Menningar- og menntamál.
9. Löggjafarmálefni.
10. Vísinda-, tækni- og umhverfismál.
11. Landbúnaðarmál.
12. Sveitarstjórnarmál.
13. Önnur mál.
14. Yfirlit yfir ákvarðanir þingsins.

### **1. Inngangur.**

Í upphafi skal farið nokkrum orðum um Evrópuráðið og hlutverk þings þess.

Evrópuráðið er pólitísk stofnun, sem er fyrst og fremst samsett af ráðherranefnd, sem er fulltrúi ríkisstjórnanna, og þingi, sem er fulltrúi þjóðþinga aðildarríkjanna. Tengslum milli þessara tveggja stofnana er haldið uppi af svokallaðri sameinaðri nefnd, sem fulltrúar beggja eiga sæti í. Aðalfrankvæmdastjórinn og starfslið hans þjónar svo þessum aðilum. Í skýrslu þessari verður fjallað um starfsemi þings Evrópuráðsins.

Þing Evrópuráðsins er ráðgefandi þing, sem er svipað þjóðþingum að samsetningu og hlýðir svipuðum þingsköpum, en hefur ekki löggjafarvald. Þingið skipa 170 fulltrúar.

Gert er ráð fyrir reglulegu þinghaldi á hverju ári og er því skipt í þrjá hluta: að vori, hausti og vetri. Með þessu móti getur þingið fylgst betur en ella með breytingum á sviði alþjóðamála. Þingið lætur til sín taka hin margvíslegustu mál, svo sem pólitísk, efnahagsleg, félagsleg, menningarleg, að undanskildum hermálum. Málin hafa áður verið undirbúin af þingnefndunum og eru afgreidd í formi tillagna til ráðherranefndar, ályktana, fyrirmæla og álitsgerða.

## 2. Fulltrúar Íslands.

Fulltrúar Íslands á 34. þinginu voru:

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Guðmundur G. Þórarinnsson.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Varafulltrúar voru:

Kjartan Jóhannsson.

Pétur Sigurðsson.

Auk þess mætti Ingólfur Guðnason á þinginu fyrir Guðmund G. Þórarinnsson.

Aðalfulltrúar og varafulltrúar tóku þátt í störfum þingsins og skipuðu nefndir sem hér segir:

Þorvaldur Garðar Kristjánsson:

Fastanefnd.

Stjórnmalanefnd.

Þingskapanefnd (varamaður).

Laganefnd (varamaður).

Guðmundur G. Þórarinnsson:

Sameinaða nefndin.

Vísinda- og tækninefnd.

Sveitarstjórna- og skipulagsnefnd.

Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd (varamaður).

Ólafur Ragnar Grímsson:

Efnahagsnefnd.

Upplýsinganefnd.

Nefnd um farandverkafólk og flóttamenn (varamaður).

Nefnd um samskipti við ríki utan Evrópuráðsins (varamaður).

Fjárhags- og áætlananefnd (varamaður).

Kjartan Jóhannsson:

Heilbrigðis- og félagsmalanefnd.

Menntamalanefnd.

Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd.

Vísinda- og tækninefnd (varamaður).

Pétur Sigurðsson:

Þingskapanefnd.

Fjárhags- og áætlananefnd.

Fastanefnd (varamaður).

Stjórnmalanefnd (varamaður).

Formaður íslensku þingfulltrúanna var Þorvaldur Garðar Kristjánsson og ritari Friðjón Sigurðsson skrifstofustjóri Alþingis.

### 3. Störf þingsins almennt.

34. þing Evrópuráðsins var venju samkvæmt skipt í þrjá hluta og var fyrsti hlutinn haldinn 27.—30. apríl 1982, annar hlutinn 19. september—7. október 1982 og þriðji hlutinn 24.—28. janúar 1983. Þingfundir eru ávallt haldnir í aðalstöðvum Evrópuráðsins í Strasbourg.

Utanríkisráðherra Kýpur, Nikos A. Rolandis, ávarpaði þingið á vorkundinum. Lýsti hann vonbrigðum sínum yfir því, að þing Kýpur hefði enn ekki getað sent fulltrúa sína á þing Evrópuráðsins. Landfræðilega, sögulega og menningarlega væri Kýpur hluti af Evrópu. Gagnrýndi hann umfjöllun Kýpurmálsins í Evrópuráðinu og benti meðal annars á misræmið í afstöðu Evrópuráðsins til grísku herforingjastjórnarinnar og hinnar tyrknesku. Grikklandi hefði með réttu verið vikið úr Evrópuráðinu á tímum herforingjastjórnarinnar og sama ætti að gilda um Tyrkland nú. Það væri tvískinnungur að fordæma ástandið í Afganistan, Póllandi og við Falklandseyjar og jafnframt hvítþvo sig varðandi innrás og hernám Kýpur af einu aðildarríkja Evrópuráðsins.

Utanríkisráðherra Bretlands gat ekki mætt á vorkundinum og fylgt hefðbundinni skýrslu ráðherranefndarinnar úr hlaði vegna ástandsins á Suður-Atlantshafi (Falklandseyjum). Það féll því í hlut varautanríkisráðherra Bretlands, Douglas Hurds. Hurd útskýrði afstöðu bresku stjórnarinnar í Falklandseyjadeilunni.

Spánski þingmaðurinn Jose Maria de Ariza var kjörinn forseti þingsins. Þorvaldur Garðar Kristjánsson var kjörinn einn af varaforsetum þingsins.

Mitterand Frakklandsforseti, Emil van Lennep aðalframkvæmdastjóri OECD og Poul Hartling flóttamannafulltrúi Sameinuðu þjóðanna ávörpuðu haustfund þingsins.

Mitterand nefndi m. a. að Frakkar hefðu afnumið dauðarefsingu, og lét hann í ljós ósk um að bætt yrði grein í mannréttindasáttmála Evrópu þar sem dauðarefsing yrði bönnuð. Mitterand lét einnig í ljós þá skoðun, að Evrópuráðið ætti í framtíðinni að láta meira að sér kveða varðandi aukin samskipti Vestur- og Austur-Evrópu.

Utanríkisráðherra Austurríkis, Willibald Pahr, fylgdi skýrslu ráðherranefndarinnar úr hlaði.

Karl Carstens forseti Sambandslýðveldisins Þýskalands ávarpaði þingið á fundi þess í janúarmánuði s. l. og minnti á að Strasbourg væri sá staður þar sem Þjóðverjar hefðu endurheimt virðingu sína meðal þjóða Evrópu og þar sem Sambandslýðveldið hefði stigið sín fyrstu spor í alþjóðasamskiptum eftir stríðið.

Leo Tindemans utanríkisráðherra Belgíu fylgdi skýrslu ráðherranefndarinnar úr hlaði. Fulltrúar San Marino sátu nú í fyrsta skipti þingið sem áheyrnarfulltrúar.

### 4. Alþjóðamál og málefni er tengjast þeim Evrópuríkjum sem eiga ekki aðild að Evrópuráði.

Fyrir þinginu lá skýrsla, sem þingmaður ítalskra kommúnista, Franco Calamandrei, hafði tekið saman og fjallaði um vernd lýðræðis gegn hryðjuverkum í Evrópu. Í skýrslunni er minnst á ákveðna erfiðleika í samstarfi Evrópuríkja að því er varðar baráttuna gegn hryðjuverkum. Samþykkt var tillaga þar sem m. a. er skorað á þau ríki, er ekki hafi fullgilt Evrópusamninginn um hryðjuverk, að fullgilda hann svo að hann geti tekið gildi. Er hvatt til aukins samstarfs við Bandaríkin og Kanada í þessum málum og jafnframt mælt til að mál þessi verði athuguð á Madrid-ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu. Fyrirmæli um sama efni voru jafnframt samþykkt.

Þingið samþykkti ályktun um Evrópu og Rómönsku Ameríku: Ógnun við mannréttindi. Þá var samþykkt ályktun sem byggðist á skýrslu sem lögð var fram af Antiu Gradin frá Svíþjóð og spánska sósíalístanum Luis Ynaez-Barnuevo. Í ályktuninni er m. a. skorað á Evrópuríki að hætta allri hernaðaraðstoð við þær ríkisstjórnir sem fótumtroðið hafa mannréttindi. Því er beint til Bandaríkjamanna að halda að sér höndunum varðandi

stuðning við slíkar ríkisstjórnir. Þá voru samþykkt fyrirmæli þar sem því er beint til aðildarríkjanna, að þau reyni að liðka til varðandi atvinnu fyrir pólitíska flóttamenn frá Rómönsku Ameríku.

Samþykkt var tillaga um Falklandseyjar þar sem hernám Falklandseyja af argentíska hernum er fordæmt. Lýsir þingið yfir stuðningi sínum við ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 502, þar sem þess er krafist, að hernaði verði tafarlaust hætt, að Argentína dragi her sinn frá Falklandseyjum og að ríkisstjórnir Argentínu og Bretlands leiti lausnar á málinu eftir diplómatisikum leiðum. Í ályktuninni er lýst fullri samstöðu með Bretum.

Samþykkt var ályktun um ástandið í Póllandi og samskipti Austurs og Vesturs, en skýrsla um þetta efni hafði verið lögð fram af franska Gaullista-þingmanninum Jacques Baumel. Aðgerðir pólska hersins eru harmaður og fram kemur að þær hafi ekki einungis verið liður í að fótumtroða mannréttindi, m. a. réttindi til að mega safnast saman, og tjáningarfrelsi, heldur hafi þær skaðað efnahag landsins.

Aðgerðir kaþólsku kirkjunnar eru rómaðar. Í ályktuninni kemur fram að þróunin í Póllandi hafi leitt til þess, að Madrid-fundinum var frestað.

Eftir innrás Ísraels í Líbanon s. l. sumar samþykkti fastanefnd þingsins ályktun um ástandið í Líbanon. Er innrásin fordæmd og dauði óbreyttra borgara af líbönskum og palestínskum stofni harmaður. Er skorað á Ísrael að standa við fyrirætlanir sínar um að veita íbúum á Vesturbakkanum og Gazasvæðinu sjálfstjórn.

Þingið samþykkti síðan ályktun þar sem ísraelski herinn er fordæmdur fyrir að ráðast á vesturhluta Beirut í trássi við alþjóðasamþykktir. Herinn hefði tekið að sér að halda uppi lögum og reglum á þessu svæði og þar af leiðandi bæri hann að hluta ábyrgð á fjöldamorðunum á Palestínumönnum í Sabra- og Sadila-búðunum. Þá kemur fram að varanlegur friður í Miðausturlöndum getur einungis skapast ef palestínska þjóðin fær sjálf að ákveða framtíð sína, enda eigi hún rétt til eigin heimalands.

Fyrir haustfundinum lá skýrsla austurríska þingmannsins Ludwigs Steiners um ástandið í Tyrklandi. Kom þar fram að fyrir lægju drög að nýrri stjórnarskrá í Tyrklandi, en enginn vissi væri fyrir því, að sá texti, sem fyrir lægi, yrði sá sem þjóðaratkvæði ætti að skera úr um við atkvæðagreiðslu sem fram ætti að fara 7. nóvember. Þar að auki væri allsendis óvíst að þjóðaratkvæðagreiðslan færi fram þann dag eins og tyrkneska herforingjastjórnin hefði tilkynnt. Allmiklar umræður urðu um skýrsluna nú eins og á 33. þinginu og skiptust menn nú í fylkingar á svipaðan hátt og þá. Það var samröma álit þingmanna vinstri- og miðflokka, er gagnrýndu stjórnarskrárdrögin, að stjórnarskráin fæli ekki í sér atriði sem vænst væri af evrópsku lýðræðisríki á þessari öld.

Þingið samþykkti, þrátt fyrir mörg mótaskvæði, ályktun þar sem minnt er á að það sé mikilvægt fyrir áframhaldandi aðild Tyrklands að Evrópuráðinu, að hin nýja stjórnarskrá uppfylli kröfur um þingræði og lýðræði svo og mannréttindi í samræmi við mannréttindasáttmála Evrópuráðsins. Í ályktuninni er kveðið á um atriði er varða stjórnsmálaflokka, verkalýðsfélög, svo og að hinar tvær milljónir Tyrkja, sem búa í öðrum löndum, fái að taka þátt í kosningunum.

Samþykkt var ályktun um óformlegt samband þingmanna á Evrópuráðsþingi við aðra þingmenn sem þinga í Strasbourg og að kallaður yrði saman haustið 1983 sérstakur „Strasbourgarg-fundur“ þingmanna frá aðildarríkjum OECD.

Samþykkt var tillaga um trúfrelsi o. fl. í Austur-Evrópuríkjum, þar sem minnt er á ákvæði Helsinki-lokasamþykktarinnar og Madrid-ráðstefnuna. Í ályktun um svipað efni eru aðildarríki Madrid-ráðstefnunnar hvött til að koma því til leiðar, að kölluð verði saman sérstök mannréttindaráðstefna og önnur um slökun og afvopnun í sambandi við Helsinki-lokasamþykktina. Þá er því og beint til ríkisstjórna Evrópuráðsríkjanna, að þær beiti sér fyrir því, að allir þeir, sem fangelsaðir hafi verið fyrir að hafa kært brot á Helsinkisamþykktinni frá 1975, verði látnir lausir.

Ástandið í Tyrklandi var á ný tekið á dagskrá þingsins eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá hinn 7. nóvember 1982. Í ályktun, sem samþykkt var með yfirgnæfandi meiri hluta, er bent á að hin nýja stjórnarskrá sé afar ófullkomin að því að er varðar mannréttindi, völd þjóðhöfðingja og takmarkað sjálfstæði dómstóla. Minnt er á að ástandið í Tyrklandi sé ekki orðið slíkt, að það sé samrýmanlegt stofnskrá Evrópuráðsins og mannréttindasáttmálanum. Tekið er fram að þingið sé alvarlega að athuga að beina því til ráðherranefndarinnar, að hún vísi Tyrklandi úr Evrópuráðinu. Þá er skorað á tyrknesku ríkisstjórnina að neyta ekki atkvæðisréttar síns í ráðherranefndinni, á meðan ekki er búið að koma á fót lýðræði í Tyrklandi, og að tyrkneskt þing eigi ekki fulltrúa á þingi Evrópuráðsins.

Í ályktun um málefni Gyðinga í Sovétríkjunum er lýst yfir áhyggjum yfir andgyðinglegri stefnu í Sovétríkjunum. Þingið álitur að ástand heimsálanna eigi ekki að hafa áhrif á rétt sovéskra gyðinga til að fá að yfirgefa landið. Skorað er á Evrópuráðsþingmenn að taka þessi mál upp í þjóðþingum ríkjanna með það fyrir augum að hafa áhrif á ríkisstjórnir til að þær auki þrýsting á Sovétríkin í þessu sambandi og að mál þessi verði tekin upp á Madrid-ráðstefnunni.

### 5. Efnahags-, þróunar- og orkumál.

Fyrir þinginu lágu fjórar skýrslur um samskipti iðnaðarríkjanna og þróunarríkjanna. Þýskur þingmaður Kristilegra demókrata, Wilfried Böhm, lagði fram skýrslu um þróun og breytingar á mannfjölda í Evrópu og þróunarríkjunum. Samþykkt var ályktun þar sem skorað er á ríkisstjórnir aðildarríkjanna að nánara samráð verði haft um mál er lúta að mannfjölda og fólksflutningum. Þá er skorað á ríkisstjórnirnar að styðja Evrópuráðstefnu sem halda á árið 1983 um framlag Evrópu til réttlátari skiptingar auðlinda jarðar og betri samskipta milli ríkja Norðurs og Suðurs.

Samþykkt var ályktun, sem byggð er á skýrslu austurríska þingmannsins Johans Windsteigs um matvælaástandið í heiminum. Er þar m. a. mælt til að ríkisstjórnir auki framlag sitt til matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna, flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna o. fl.

Samþykkt var tillaga, sem byggð er á skýrslu þýska þingmannsins Christians Lenzers um ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Nairobi 1981 um nýjar og endurnýjanlegar orkulindir. Tillagan styður niðurstöður Nairobi-ráðstefnunnar.

Í framhaldi af umræðunum í maí 1981 um þarfir mannsins og náttúruauðæfi jarðar lagði Ólafur Ragnar Grímsson fram skýrslu um ráðstefnu varðandi framlag Evrópu til bætttra samskipta Norðurs og Suðurs og aukinnar verndar náttúruauðlinda jarðar. Skýrslan tekur til meðferðar það, hve iðnríkin og þróunarríkin eru háð hver öðrum og að finna verði sameiginlega lausn á þessum málum. Samþykkt voru fyrirmæli þar sem ákveðið er að Evrópuráðsþingið kalli saman ráðstefnu á árinu 1983 um ofangreint efni.

Í ályktun, sem byggist á skýrslu sænska þingmannsins Anders Björks um stefnu Evrópuríkja í flugmálum, er skorað á ríkisstjórnir aðildarríkjanna og aðildarríki Evrópsku flugmálastofnunarinnar (ECAC) að reyna að ná samkomulagi við ríkisstjórn Bandaríkjanna um stöðugleika í fargjaldamálum á flugleiðunum yfir Norður-Atlantshaf.

Hinar árlegu umræður um starfsemi OECD fóru fram á haustfundinum. Emil van Lennep aðalframkvæmdastjóri OECD tók þátt í umræðunum svo og þingmenn frá Ástralíu, Kanada, Finnlandi, Japan, Nýja-Sjálandi og Bandaríkjunum. Lögð var fram skýrsla frá Efnahagsnefnd þingsins ásamt álitsgerðum frá nokkrum öðrum nefndum. Samþykkt var umfangsmikil ályktun um hin ýmsu starfssvið OECD.

Í ályktun, sem byggðist á skýrslu Ronalds Browns þingmanns breska Verkamanna-flokksins um efnahagssamskipti Austur- og Vestur-Evrópu, eru aðildarríki Evrópuráðsins m. a. hvött til að auka viðskiptin við Austur-Evrópu bæði af efnahags- og pólitískum ástæðum. Í ályktuninni er sérstaklega vikið að losun úrgangsefna í sjó. Ríkisstjórnir eru

hvattar til að hafa á vettvangi OECD og Alþjóðaorkustofnunarinnar (IAEA) áhrif á aukna fjölbreytni varðandi öflun orkugjafa í ákveðnum Evrópuráðsríkjum með það fyrir augum að gera þessi sömu ríki óháðari kaupum á gasi frá Sovétríkjunum.

Samþykkt var ályktun um neytendamál sem grundvallast á skýrslu frá Franz Oehri frá Liechtenstein.

Í umræðunum um samskipti Japans og Evrópu tóku í fyrsta skipti þátt þingmenn frá Japan. Komu fram ýmis sjónarmið í þeim umræðum, svo sem þau, að Japanir ættu að opna heimamarkað sinn fyrir vörum frá Evrópuríkjum. Aðrir bentu á að japanski markaðurinn væri opnari en markaðir sumra Evrópuríkja og bæri því Evrópumönnum fremur að læra af Japönnum og gera vörur sínar samkeppnisfærari á japanska markaðnum. Í fyrirmælum, sem samþykkt voru, er ráðherra nefndin hvött til aðgerða með það fyrir augum að efla menningarleg samskipti við Japan. Samhliða fyrirmælunum var samþykkt ályktun þar sem lögð er áhersla á viðskipti Japans og Evrópu og bent á atriði sem mögulega gætu verið til úrbóta í því sambandi.

Lögð var fram skýrsla af þýska þingmanninum Uwe Holtz um þróunarsamstarf og mannréttindi. Er þar m. a. bent á að samfara þróunaraðstoð þurfi einnig að hafa í huga mannréttindi í viðkomandi ríkjum. Samþykkt var tillaga í 15 liðum sem innihalda ábendingar til aðildarríkja í sambandi við þróunaraðstoð þeirra.

#### **6. Mannfjöldi og málefni flóttamanna.**

Í ályktun, sem byggist á skýrslu sænska þingmannsins Anitu Gradin um pólska flóttamenn, er skorað á aðildarríki Evrópuráðsins og önnur ríki að auka aðstoð sína við Pólverja, að taka á móti pólskum flóttamönnum og aðstoða við aðlögun þeirra að nýjum heimkynnum, að halda áfram stuðningi við þær alþjóðlegar stofnanir, sem aðstoða pólska flóttamenn, og að auka aðstoð sína við þau lönd, sem fyrst taka við pólskum flóttamönnum. Poul Hartling tók þátt í umræðunum um skýrslu Flóttamannastofnunarinnar fyrir árin 1980—1981. Hartling minntist m. a. á vandamál Palestínuflóttamanna og fjöldamorðin í Beirut. Þetta væri þó bara eitt dæmi um hörmungar þær sem flóttamenn verða að þola víða í heiminum. Sagði Hartling að aukning á flóttamönnum í heiminum hefði orðið minni undanfarið ár en árin þar á undan. Samþykkt var tillaga þar sem skorað er á flóttamannafulltrúann að sjá til þess, að flóttamenn neyðist ekki til að snúa aftur til landa þar sem þeirra biði ofsóknir af hálfu ríkisstjórna.

Sænski þingmaðurinn Kerstin Aner fylgdi úr hlaði skýrslu um fólksflutninga til og frá Norðurlöndunum. Í ályktun, sem byggist á skýrslunni, er vikið að reynslu Norðurlandanna á þessu sviði og einkum bent á nauðsyn þess, að ríki, sem senda fólk í atvinnuleit til annarra landa, og móttökuríkin geri með sér samninga um ferðafrelsi, launajöfnuð, ellitryggingar, félagslega þjónustu o. fl. Í tillögu til ráðherra nefndarinnar er mælt til að Finnlandi verði boðin aðild að Viðreisnarsjóðnum og gefist jafnframt kostur á að tengjast nánar störfum Evrópuráðsins á sviði fólksflutninga.

#### **7. Félagsmál.**

Í álitgerð fastanefndar þingsins um félagsmálasáttmála Evrópuráðsins eru þau átta lönd, sem enn hafa ekki fullgilt sáttmálann, hvött til þess að bæta úr því.

Allmiklar umræður urðu á haustfundinum um atvinnuleysi, enda eru 17 milljónir manna atvinnulausar í aðildarríkjum Evrópuráðsins. Fyrir lágu tvær skýrslur um þessi mál. Niðurstöður urðu þær, að samþykkt var með knöppum meiri hluta tillaga til ráðherra nefndarinnar um aðgerðir til varnar gegn atvinnuleysi.

Í álitgerð, sem þingið samþykkti, er skorað á ráðherra nefndina að minna ýmis aðildarríki á að þau þurfi að fara meira eftir félagsmálasáttmálanum en þau hafa gert til þessa.

## 8. Menningar- og menntamál.

Í tillögu til ráðherra nefndarinnar er þess óskað, að aukið samráð verði haft innan Evrópuráðsins til styrktar menningarmálum.

Samþykkt var ályktun um byggingar- og menningarmál í borgum og bæjum. Er þar m. a. fjallað um verndun gamalla bygginga og endurbyggingu, minnkun bílaumferðar og að stór svæði verði eingöngu ætluð fótgangandi fólki.

Samþykkt var ályktun, sem byggist á skýrslu franska þingmannsins André Delehedde um handið, þar sem m. a. kemur fram að handiðnaðarmönnum hefur fækkað mjög mikið í kjölfar iðnvæðingar.

Lögð var fram sameiginleg skýrsla frá þingmönnum frá Svíþjóð, Bretlandi og Frakklandi þar sem fjallað er um valdbeitingu. Skýrslan fjallar um hryðjuverk, valdbeitingu í fjölmiðlum, í íþróttum og að því er varðar menntamál. Gerð var tillaga um að ríkisstjórnirnar komi sér saman um sameiginlegar siðareglur sem fjölmiðlum sé gert að fara eftir í þessu sambandi. Þingið samþykkti umfangsmikla tillögu um þessi mál sem auk framangreinds fjallar um bann við aga í skólum og rétt nemenda til að þurfa ekki að taka þátt í tilraunum með dýr. Jafnframt var samþykkt tillaga um sérstök Evrópuverðlaun um „ekki-valdbeitingu“.

## 9. Löggjafarmálefni.

Þingið sendi frá sér fyrirmæli til laganevndarinnar um að hún kanni möguleika á því, að komið verði upp sérstakri skrá yfir siðareglur í hernaði.

Samþykkt var tillaga um auglýsingar og alþjóðlegar aðgerðir til að vernda tjáningarfrelsi. Er m. a. lagst gegn því, að mannréttindi séu misnotuð í sambandi við auglýsingastarfsemi.

Breski þingmaðurinn Percy Grieve lagði fram skýrslu frá laganevndinni um Hafréttar-ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og mælti fyrir tillögu þar sem lagt er til, að Evrópuráðsríkin skiptist á upplýsingum um hafréttarmál og hafi samráð áður en til þess kemur að fullgilda hafréttarsáttmálann. Enn fremur var lagt til að Evrópuráðið undirbúi sérstaka ráðstefnu um hafréttarmál. Tillaga laganevndarinnar var samþykkt ásamt breytingartillögu frá Þorvaldi Garðari Kristjánssyni o. fl. þar sem lýst var yfir þeim vilja þingsins, að sem almennust þátttaka yrði í fullgildingu hafréttarsáttmálans, svo að hann næði sem best tilgangi sínum.

Samþykkt var tillaga um framsal sakamanna, þar sem m. a. er kveðið á um að slíkt framsal verði einfaldara í sniðum í framtíðinni.

Samþykkt var tillaga þar sem skorað er á ráðherra nefndina að styðja þingið í viðleitni þess til að hafa áhrif á ríkisstjórnirnar með það fyrir augum, að útlendingar fái kosningarrétt í löndum Evrópuráðsins. Er einkum átt við ríkisborgara annarra Evrópuráðsríkja í því sambandi.

Í tillögu til ráðherra nefndarinnar er hún hvött til að hafa áhrif á ríkisstjórnirnar að draga ekki lengur að fullgilda viðaukana við Genfarsamningana frá 1949 um þessi málefni.

Samþykkt var tillaga til ráðherra nefndarinnar um umhverfisskaða sem olíuborðar valda. Er ráðherra nefndin hvött til að taka mál þessi til gaumgæfilegrar athugunar, einkum að því er varðar ábyrgð.

Samþykkt var ályktun um hlutverk þjóðþinga varðandi fullgildingu á Evrópuráðssáttmálum.

Hinn 25. janúar s. l. fór fram kjör dómara frá Sambandslýðveldinu Pýskalandi, Grikklandi, Ítalíu, Möltu, Bretlandi og Svíþjóð í Mannréttindadómstól Evrópu. Kjör dómara í Mannréttindadómstólinn byggist á tillögu ráðherra nefndarinnar.

### **10. Vísinda-, tækni- og umhverfismál.**

Samþykkt var tillaga er kveður á um endurvinnslu úrgangsefna.

Samþykkt var tillaga um verksmiðjur og kjarnorkuver á landamærasvæðum. Er þar einkum fjallað um vernd og réttindi íbúa slíkra svæða.

Í tillögu um umhverfismál í Evrópu eru ríkisstjórnir hvattar til að veita aukið fé til umhverfismála.

Pingið samþykkti fyrirmæli um hinar svonefndu „grænu“ hreyfingar og umhverfismál í aðildarríkjum Evrópuráðsins. Í fyrirmælunum kemur fram nokkur gagnrýni á samtök umhverfissinna.

Samþykktar voru tvær ályktanir og ein tillaga um gervihnetti og samstarf Evrópuríkja á því sviði.

### **11. Landbúnaðarmál.**

Fjallað var um tvær skýrslur um landbúnaðarmál, annars vegar í Miðjarðarhafslöndum og hins vegar í Austur-Evrópulöndum. Samþykktar voru tvær ályktanir þar að lútandi og ein tillaga.

### **12. Sveitarstjórnarmál.**

Pingið samþykkti álitserð sem fjallaði um texta þá sem samþykktir höfðu verið á 16. ráðstefnunni um sveitarstjórnarmál í Evrópu.

### **13. Önnur mál.**

Fastanefnd þingsins samþykkti fyrirmæli um stefnu í launamálum starfsmanna skrifstofu Evrópuráðsins í Strasbourg. Samþykktar voru álitserðir um fjárlög og starfsemi Evrópuráðsins árið 1983, enn fremur fjárlög og reikninga árána 1980, 1982 og 1983, svo og fyrirmæli um fjármálahlíð tillagna þings Evrópuráðsins.

### **14. Yfirlit yfir ákvarðanir 34. þings Evrópuráðsins (apríl 1982 — janúar 1983).**

#### **Tillögur.**

938 um ástandið í Tyrklandi.

939 um ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um nýjar og endurnýjanlegar orkulindir.

940 um menningarsamskipti Evrópuríkja.

941 um vernd lýðræðisins gegn hryðjuverkum í Evrópu.

942 um átökin á Falklandseyjum.

943 um endurvinnslu úrgangsefna.

944 um launamál starfsfólks skrifstofu Evrópuráðsins.

945 um lög og reglur varðandi styrjaldir.

946 um ábyrgð varðandi umhverfisspjöll af völdum olíuborþalla.

947 um neytendamál.

948 um baráttuna gegn atvinnuleysi.

949 um iðnað og kjarnorkuver við landamæri.

950 um framsal sakamanna.

951 um atkvæðisrétt í aðildarríkjum Evrópuráðsins.

952 um auglýsingar og alþjóðlegar aðgerðir til að vernda tjáningarfrelsi.

953 um 23. ársskýrslu flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna.

954 um menningartengsl Evrópu og Japans.

955 um mannréttindi í Evrópuríkjum sem eiga ekki aðild að Evrópuráðinu.



- 956 um farandverkakonur.
- 957 um alþjóðastofnun um eftirlitskerfi með gervihnöttum.
- 958 um umhverfismál í Evrópu.
- 959 um aukaaðild Finnlands að störfum Evrópuráðsins að málefnum er varða fólksflutninga.
- 960 um ráðstefnu kommúnistaflokka í Evrópu.
- 961 um vatnsnotkun í Evrópu og annars staðar í heiminum.
- 962 um þróunarsamstarf og mannréttindi.
- 963 um aðgerðir í menningar- og fræðslumálum til að draga úr valdbeitingu.
- 964 um verðlaun um „ekki-valdbeitingu“.

#### **Ályktanir.**

- 769 um dag Afganistans 21. mars 1982.
- 770 um störf alþjóðanefndarinnar um fólksflutninga (TCM).
- 771 um þróun og breytingar á mannfjölda í Evrópu og þróunarríkjum.
- 772 um matvælaástandið í heiminum.
- 773 um stefnu Evrópuríkja í flugmálum.
- 774 um Evrópu og Rómönsku Ameríku: ógnun við mannréttindi.
- 775 um ástandið í Póllandi og samskipti Austurs og Vesturs.
- 776 um ástandið í Líbanon.
- 777 um Strasbourg-ráðstefnuna.
- 778 um viðskipti Austur- og Vestur-Evrópu.
- 779 um hlutverk þjóðþinganna varðandi fullgildingu á samningum Evrópuráðsins.
- 780 um pólska flóttamenn.
- 781 um byggingamál í borgum.
- 782 um handið.
- 783 um ástandið í Líbanon.
- 784 um samskipti Evrópu og Japans.
- 785 um starfsemi OECD á árinu 1981.
- 786 um ástandið í Tyrklandi.
- 787 um trúfrelsi o. fl. í Austur-Evrópu.
- 788 um framtíð evrópsku geimferðaáætlunarinnar.
- 789 um aðra ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um friðsamlega nýtingu geimsins.
- 790 um fólksflutninga á Norðurlöndum.
- 791 um ráðstefnu Pýrenea-svæðisins.
- 792 um landbúnað á Miðjarðarhafssvæðum.
- 793 um landbúnað í Austur-Evrópu.
- 794 um ástandið í Tyrklandi.
- 795 um gyðinga í Sovétríkjunum.

#### **Fyrirmæli.**

- 407 um ráðstefnu um framlag Evrópu til bættra samskipta Norðurs og Suðurs og aukinnar verndar náttúruauðlinda jarðar.
- 408 um vernd lýðræðisins gegn hryðjuverkum í Evrópu.
- 409 um Evrópu og Rómönsku Ameríku.
- 410 um fjárhagsmál er tengjast tillögum þings Evrópuráðsins.
- 411 um undirbúning að Evrópuskrá yfir siðareglur í hernaði.
- 412 um hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- 413 um ástandið í Tyrklandi.

- 414 um samvinnu Evrópuríkja á áttunda áratugnum.
- 415 um vernd mannréttinda og grundvallarreglna frelsis í Evrópuríkjum sem eiga ekki aðild að Evrópuráðinu.
- 416 um stækkun á aðalþingsal Evrópuráðsins.
- 417 um „grænu“ hreyfingarnar og umhverfismálastefnu í Evrópuráðsríkjum.

#### **Álitsgerðir.**

- 108 um sveitarstjórnaráðstefnu Evrópu.
- 109 um fjárlög þings Evrópuráðsins árið 1980.
- 110 um fjárlög og reikninga Evrópuráðsins árin 1980, 1982 og 1983.
- 111 um félagsmálasáttmála Evrópu.
- 112 um sveitarstjórnarráðstefnu Evrópu.
- 113 um félagsmálasáttmála Evrópu.